

## 39. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

Tillögur frá svæðisfélögum til fundarins.

### Efnisyfirlit

<i>Farsæll</i> .....	2
<i>Árborg</i> .....	2
<i>Snæfell</i> .....	3
<i>Strandveiðifélagið Krókur</i> .....	5
<i>Elding</i> .....	6
<i>Skalli</i> .....	6
<i>Drangey – smábátafélag Skagafjarðar</i> .....	7
<i>Fontur</i> .....	7
<i>Félag smábátæigenda á Austurlandi</i> .....	8
<i>Smábátafélag Reykjavíkur</i> .....	9
<i>Reykjanes</i> .....	9
<i>Smábátafélagið Strandir</i> .....	10
<i>Klettur</i> .....	10
<i>Báran</i> .....	11
<i>Sæljón</i> .....	11
<i>Hrollaugur</i> .....	12

## Farsæll

- Óheimilt verði að nota flottroll við veiðar á loðnu.
- Mælingar Hafrannsóknastofnunar á fiskistofnum verði endurskoðaðar.
- Fiskveiðiár smábáta verði almanaksárið.
- Farsæll mótmælir eftirliti Fiskistofu þar sem notaðir eru drónar
- Opnað verði fyrir handfæraveiðar við og í kringum sæstrenginn til Eyja
- Fest verði í lög að strandveiðileyfi hafi að lágmarki 48 róðrardaga.
- Farsæll krefst þess að mönnum verði gefinn kostur á að byrja strandveiðar 1. mars á D svæði og styður önnur svæði varðandi lengingu inn í haustið.
- Farsæll vill leggja af byggðakvóta í núverandi mynd og að nýting hans verði tengd löndun dagróðrabáta (löndunarívilnun).
- Farsæll krefst þess að þeir sem það kjósa geti áfram notað afladagbók. Þá krefst fundurinn þess að notkun afladagbókar-apps verði gjaldfrjáls.

## Árborg

- Umhverfi – handfæraveiðar njóti ívilnunar.

Áríðandi er, að teknu tilliti þess samfélags sem við byggjum og loftlagsmarkmiða stjórnvalda, að viðurkennt verði að veiðar með handfærum séu vistvænni en aðrar veiðar sem stundaðar eru hér við land. Jafnt og eigendur tvinn bíla eiga handfæraveiðar að njóta ívilnunar.

*Greinargerð:* Veiðarnar eru stundaðar á tvinn bátum, þ.e. þeir hafa tvær aflrásir, önnur sem nýtir jarðefnaeldsneyti til keyrslu að og frá veiðistað og hin sem knúin er af orku frá rafgeymum sem nýtt er til veiða. Rafgeymar eru svo hlaðnir á keyrslu og með landrafmagni.

- Handfæraveiðar smábáta verði gefnar frjálssar og verði undanþegnar hrygningarstoppi.
- Strandveiðar.

Þar til handfæraveiðar verða gerðar frjálssar skal efla og styrkja strandveiðikerfið á eftirfarandi hátt:

- a. landið verði eitt veiðisvæði
- b. veiðitímabilið verði frá 1. apríl til 30. september

- c. hverjum báti verði tryggðir 48 veiðidagar
  - d. heimild Fiskistofu um stöðvun strandveiða verði numin úr gildi
  - e. tekin verði upp heimild til pörunar á umframafla, þannig að hægt verði að jafna það sem er umfram í einum róðri í næsta róðri. Heimild þessi nái til 100 kg. af óslægðum þorski.
  - f. heimildir strandveiðibáta til löndunar í VS sjóð verði í samræmi við aðrar veiðar.
  - g. ufsi verð frjáls sem meðafli við strandveiðar.
- Byggðamál  
 Úthlutun byggðakvóta í núverandi mynd verði hætt. Öllum kvóta sem nú er úthlutað, sem byggðakvóta, verði ráðstafað til strandveiða. Ekkert annað fyrirkomulag getur uppfyllt þær væntingar sem gerðar eru til þess að veita hinum dreifðu byggðum stuðning.

## Snæfell

### Strandveiðar

- Aðalfundur Snæfells krefst þess að hver bátur fái heimild til að veiða að lágmarki 48 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát verði heimilt að róa að lágmarki 12 daga í mánuði frá 1. maí til 31. ágúst. Hámarksafli á dag verði óbreyttur.
- Koma þarf í veg fyrir að sami útgerðaraðili/eigandi geti verið með fleiri en einn bát í einu á strandveiðum.
- Fiskistofu verði heimilt að svipta bát á strandveiðum veiðileyfi í einn dag fari afli hans umfram 500 kg.
- Snæfell krefst þess að afli umfram 650 þorskígildi, annar en þorskur, teljist ekki til „skammtsins“.

### Grásleppumál

- Snæfell leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða: Bátar eigi kost á að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur og heimilt verði að hafa tvö grásleppuleyfi á bát.
- Snæfell mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem viðhöfð hefur verið við útreikninga á meðafli í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
- Snæfell leggur til að leyfilegur netafjöldi taki mið af fjölda möskva. Hætt verði að miða við teinalengd og tekin upp fermetrafjöldaviðmið. Afar breytilegt er eftir landshlutum hvað notuð eru djúp net. Í Breiðafirði eru net lögð á mjög grunnu vatni, frá 2 – 10 föðmum en fyrir norðan og austan mun dýpra.

### Línuívilnun

- Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega tillögum starfshópa „Auðlindarinnar okkar“ að fella niður línuívilnun og skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuívilnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.

### Makríl

- Aðalfundur Snæfells krefst frjálsra færaveiða smábáta á makríl.

### Byggðakvóti

- Snæfell leggur til að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun og gildi fyrir línu og handfærabáta undir 30 brt. Jafnframt að meiri afli fari til strandveiða. Það er skoðun félagsins að með þessu nýtast heimildirnar hinum dreifðu byggðum á gegnsæan hátt.

### Önnur mál

- Snæfell krefst þess að ekki verði opnað fyrir dragnóta og netaveiðar fyrir innan línu sem dregin er úr Selskeri norður af Grundarfirði í Selsker austan við Skor á Breiðafirði.
- Snæfell telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar heldur beita sektum eða veiðileyfis sviptingu á þá aðila sem fara ekki að settum reglum.
- Snæfell skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) á virkjun veiðileyfa við strandveiðar.
- Snæfell skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskiseiða.
- Snæfell lýsir yfir stuðningi við aflamarkskerfið.
- Snæfell lýsir stórum áhyggjum vegna þess að búið er að heimila þorskanetaveiða með 10 tommu möskva og farið er að nota mun dýpri net en áður var.
- Snæfell óskar eftir að handfæra- og línubátum verði heimilt verði að landa lúðu.
- Snæfell mótmælir því harðlega að aflvísir skuli ekki lengur hefta togveiðar nálægt landi. Togarar að 29 metrum er nú heimilt að stunda veiðar upp að 4 sml frá landi á þeirri forsendu að það minnki kolefnisspor þeirra og sé hluti af grænum orkuskiptum.
- Snæfell mótmælir harðlega að skipum undir 29 metrum að lengd sé heimilt að stunda veiðar með fiskibotnvörpu innar en nú þegar er heimilt á Breiðafirði.

- Snæfell lýsir stuðningi við að reglum um ísprósentu og endurvigtun verði breytt þannig að sama ísprósentu gildi fyrir allan afla á hafnarvog. Ísprósentu geti verið mis mikil eftir útgerða flokkum.
- Snæfell krefst þess að óheimilt verði að nota flotvörpu við veiðar á loðnu, síld og makríl í íslenskri landhelgi. Óumdeilt er að skaðsemi veiðarfærisins er fyrir hendi, t.d. ánetjast gríðarlegur fjöldi grásleppuseiða við veiðarnar. Við löndun er skaðinn skeður auk þess að í aflanum er fullvaxin grásleppa. Bent skal á að við flotvörpuveiðar á sl. fiskveiðirári var magn grásleppu í lönduðum afla alls 58 tonn, rúmlega helmingi meira en úr botntrolli. Jafnframt bendir Snæfell á að skipstjórar loðnuskipa gagnrýna notkun flottrolls við veiðarnar.

## Strandveiðifélagið Krókur

- Aldrei hefur verið betri grásleppugengd og nú. Strandveiðifélagið Krókur krefst þess að ráðamenn þjóðarinnar hlusti á sjómenn og taki tillit til þeirra sjónarmiða við stjórnun grásleppuveiða.
- Krókur ítrekar fyrri samþykktir að óheimilt verði að nota flottroll við veiðar á loðnu,
- Krókur leggur til að fiskveiðirári krókaflamarksbáta verði almanaksárið. Það hefur sýnt sig að tilfærsla áramóta hentar illa fyrir smábátaútgerðina þar sem þann 1. september eru margir einyrkjar enn í fullri vinnu.
- Krókur leggur til að með aflamarki sem flutt er til báts fylgi réttur til að flytja 15% yfir á næsta fiskveiðirári.
- Krókur bendir á að jafna þarf tímamörk hjá strandveiðibátum þau verði 18 klst. hjá bátum með lítinn ganghraða verði 18 klst.
- Krókur skorar á Fiskistofu að sinna betur lögboðnu eftirliti sínu varðandi eignarhald strandveiðibáta, sbr.: „*einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.*“
- Krókur leggur til að veiðigjald verði staðgreitt og allir útgerðarflokkar greiði prósentu af markaðsverði.
- Krókur krefst þess að togveiðar innan 12 sjómílna verði bannaðar

Það var meiningin með útfærslunni 1958. Sjómenn voru mjög ánægðir með það, í þá tíð. Það sem ynnist með þessu væri að veiðar á humri færðust yfir í gildirur. Sandsíli mundi einnig fjölga mjög mikið, vegna þess að hrogn sandsílisins eru marga mánuði að klekjast út. Sjá: <https://timarit.is/page/6777974?iabr=on#> Náttúrufræðingurinn 1.-2. hefti 2013

Auk afráns og samkeppni um fæðu geta verið aðrar ástæður fyrir bresti í nýliðun sandsílis, svo sem breytingar í umhverfinu. Frá því hrygningu sandsílis lýkur um áramót og þar til hrogn klekjast út vorið eftir getur margt gerst. Hraði eggþroska

ræðst fyrst og fremst af sjávarhita, seltu og birtu en sömu þættir ráða einnig tímasetningu klaks. Sú tímasetningin getur verið afdrifarík því seiðin þurfa fljótlega eftir klak að finna hentuga fæðu.

## Elding

- Elding leggur til að við strandveiðar fái allir sama fjölda daga og landið verði eitt svæði.
- Elding leggur til að heimilt verði við strandveiðar að landa öllu undirmáli sem VS-afla
- Elding er sammála um að skerpa kröfu um eignarhald strandveiðibát, einn maður einn bátur, heimilt verði að fá mann til að róa fyrir sig.
- Elding leggur til að sömu reglur gildi um karfa og ufsa í strandveiðum.
- Elding leggur til að veiðar á ufsa á handfæri frjálsar
- Elding leggur til að sömu reglur gildi um undirmál á strandveiðum og í króka- og aflamarki
- Elding leggur til að skel- og rækjubætur verði sett í leigupott innan 5,3%
- Elding mótmælir harðlega öllum hugmyndum um afnám línuvílnunar
- Elding leggur til að óheimilt verði að nota snurvoð við veiðar innan grunnlínupunkta
- Elding leggur til að Hafrannsóknastofnun rannsaki lífvænleika fisks sem sleppt er við handfæra- og línuveiðar.
- Elding leggur til frjálsar handfæraveiðar

## Skalli

- Lagt er til að menn ávinni sér geymslurétt á kvóta með veiðireynslu
- Framsal veiðiheimilda fari í gegnum markað sem stjórnað er af opinberum aðilum
- Dagróðra bátar verði undanþegnir því að halda afladagbók
- Áfram verði barist fyrir 48 dögum á strandveiðum
- Skalli er á móti kvótasetningu á grásleppu
- Vinnuáðferðir Hafrannsóknastofnunar verði teknar til skoðunar
- Skalli mótmælir öllum hugmyndum um afnám línuvílnunar

## Drangey – smábátafélag Skagafjarðar

- Drangey – smábátafélag Skagafjarðar ítrekar með vísan til fyrri samþykka félagsins og sveitarstjórnar Skagafjarðar kröfu um að dragnótaveiðar á Skagafirði verði nú þegar takmarkaðar í samræmi við fyrra fyrirkomulag veiðanna á firðinum, þ.e. að svæðinu innan línu úr Ásnefi í vestri í Þórðarhöfða/Kögur í austri verði lokað fyrir veiðum með dragnót.
- Drangey - smábátafélag Skagafjarðar leggur til að byggðakvóta í Skagafirði verði einungis úthlutað til dagróðrabáta sem eru minni en 30 brt. Þá verði verði aldrei meira en 20% af byggðakvóta á Sauðárkróki úthlutað til hvers útgerðarfyrirtækis.
- Drangey - smábátafélag Skagafjarðar mótmælir harðlega stöðvun strandveiða 11. júlí 2023. Skorar félagið á stjórnvöld að fara að lögum um að þessar veiðar séu leyfðar í 12 veiðidaga á mánuði í fjóra mánuði þ.e. maí, júní, júlí og ágúst. Með því verði strandveiðar óháðar aflamarkskerfinu auk þess sem jafnræði verði náð milli veiðisvæða umhverfis landið. Þannig verði þessar veiðar fyrirsjáanlegar fyrir sjómenn, fiskkaupendur og aðra sem hafa af þeim atvinnu.
- Drangey - smábátafélag Skagafjarðar leggur áherslu á að línuúvilnun verði ekki skert enda hún forsenda fyrir útgerð smærri línubáta.
- Drangey - smábátafélag Skagafjarðar telur ljóst að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar Hafrannsóknastofnunar í flestum fiskitegundum hafa engan veginn staðist og skýringar stofnunarinnar ótrúverðugar og án viðunandi rökstuðnings. Styður félagið framkomnar hugmyndir um eflingu rannsókna á lífríki hafsins og samspili nytjastofna þess og einnig að rannsóknir og ráðgjöf verði aðskilin.
- Drangey - smábátafélag Skagafjarðar mótmælir harðlega auknum heimildum til togveiða á grunnslóð umhverfis landið. Þá skorar félagið á stjórnvöld að endurskoða heimildir til veiða með dragnót upp í fjörur víða um land.
- Drangey - smábátafélag Skagafjarðar krefst þess að flotvörpuveiðum á Íslandsmiðum verði tafarlaust hætt enda kemur mikið af grásleppuseiðum og öðrum fisktegundum í veiðarfærið sem meðafli.
- Með vísan til minni losunar kolefnis, leggur aðalfundur Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar til að heimilt verði að veiða allt að 1300 ÞÍG í einni strandveiðiferð enda fari hún ekki yfir 28 klst. og teljist þá tveir veiðidagar.

## Fontur

- Fontur skorar á stjórnvöld að tryggja 48 daga til strandveiða, 12 daga í hvejum mánuði, maí til ágúst. Verði áfram þak á heildarafla strandveiða leggur fundurinn til að kerfið verði lokað, þ.e. að ekki verði hægt að segja sig frá strandveiðum til annarra veiða á fiskveiðarárinu.

Greinargerð: Í ljósi þeirra staðreynda að strandveiðipotturinn dugur ekki nema rúma tvo mánuði, verður að grípa til aðgerða sem nýst gæti sem flestum til þess að

strandveiðar dygðu út tímabilið, þeir sem ekki myndu vilja fara inn í strandveiðar gætu því veitt ufsa og byggðakvóta með sínum aflaheimildum. Mun þetta því dreifa sókninni.

- Aðalfundur FSA haldinn þann 22. september 2023, skorar á stjórnvöld að breyta lögum þannig að ufsi veiddur á handfæri teljist ekki til aflamarks.
- Aðalfundur FSA haldinn þann 22. september 2023, skorar á stjórnvöld að tryggja sanngjarnari skiptingu strandveiðiheimilda.

## Félag smábátaeigenda á Austurlandi

- FSA vill að skoðað verði að í stað svonefndrar innviðaleiðar í skýrslu starfshópa „Auðlindarinnar okkar“ verði því aflamarki úthlutað með sambærilegum hætti og gert er við viðbótarheimildir í makríl. Leiguverð verði sama upphæð og veiðigjald er í viðkomandi tegund og úthlutun bundin við dagróðrabáta minni en 30 brt enda séu þeir styttri en 15 metrar. Settar verði reglur sem verði með hámarki á hvern aðila.

Greinargerð: Hugsanlega gæti aðgerð af þessum toga ýtt undir nýliðun í greininni og samhliða strandveiðum og grásleppu gert trillu útgerð að heilsár atvinnu.

- FSA skorar á stjórnvöld að tryggja sanngjarnari skiptingu strandveiðiheimilda. Telur fundurinn stjórnvöld verða að viðurkenna þann félagslega grunn sem strandveiðar voru í upphafi byggðar á brotthvarf frá þessum gildum strandveiða hafa leikið margar brothættar byggðir grátt. Fari svo að 48 dagar verði ekki tryggðir skorar FSA á stjórnvöld að fækka veiðidögum t.d. úr 12 í 11, herða verulega á ákvæðum um eignarhald, útgerð og skipstjóri séu með lögheimili í sama sveitarfélagi. Fundurinn telur að með þessum aðgerðum megi tryggja jafnræði allra svæða, að öðrum kosti að stjórna veiðum með svæðaskiptingu aflaheimilda. Með þessum hætti má tryggja að strandveiðar skili sér til allra þeirra samfélaga sem þurfa raunverulega á strandveiðunum að halda.

Greinargerð: Undangengin sumur hafa leikið strandveiðar á svæði C grátt, allar þær breytingar sem áttu að gagnast miðflotanum hafa reynt okkur tvíeggjað sverð þar sem allar strandveiðiheimildir eru uppveiddar áður en verðmætur fiskur gengur á NA mið. Nú er svo komið að ljóminn sem fylgt hefur veiðunum „vorboðinn ljúfi“ kemur ekki til okkar brothættustu hafna.

- FSA leggur til að leyfðar verði línuveiðar í svokölluðum keiluhólfum, þ.e. **Keiluhólfín í Lónsdýpi, Stokksnesi og Mýrargrunni** er þetta lagt til að grisja frá stórtæka afræningja humars sem eru í frýju fæði í hinum mörgu keiluhólfum, fundurinn telur rök fyrir verndun keilunnar vera brostin og hvetur til að veiðar verði leyfðar á línu innan þessara hólfra, eins er minnt á að humar veiðist ekki á línu og með þessum hætti er að grisja burtu þorsk, keilu, löngu og náskötu auk fleiri tegunda sem eru grimmir afræningjar humars
- FSA samþykkir að styðja hvalveiðar
- FSA styður kvótasetningu grásleppu



## Smábátafélag Reykjavíkur

- Allur fiskur sem veiðist á strandveiðum skal seljast á viðurkenndum fiskmarkaði.
- Allir strandveiðibátar skulu vera í meirihlutaeigu þess sem rær bátinum. Hann skal líka vera prókúruhafi ef bátur er eign félags.

## Reykjanes

- Smábátafélagið Reykjanes kefst frjálsra handfæraveiða.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að strandveiðar verði heimilar í 48 daga án svæðisskiptinga.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að strandveiðar verði leyfðar á tímabilinu 1. mars til 1. október.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að ufsi verði frjálst við strandveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes fer fram á að leyfilegt verði að virkja VS afla við strandveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að 50.000 króna gjaldið verði afnumið af veiðileyfi strandveiða.
- Smábátafélagið Reykjanes vill að bætt verði við úthlutun í þorski í 250. þús. tonn strax. Það mun auka rými til strandveiða.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að 50% af almenna byggðakvótanum verði bætt inn í strandveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes hafnar kvótasetningu á grásleppu.
- Smábátafélagið Reykjanes krefst þess að heimilt verði að draga upp grásleppunet án þess að veiðidagar telji.
- Smábátafélagið Reykjanes krefst þess að grásleppuveiðimönnum og konum verði gerði leyfilegt að sleppa lífvænlegum þorski við grásleppuveiðar. Það fyrirkomulag gildir um grásleppu sem kemur í þorskfisknet og einnig um lúðu, hlýra og blágómu í önnur veiðarfæri.

- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að línuívilnun gildi fyrir alla dagróðrabáta undir 30 brt. og að línuívilnun verði 30% á landbeitta línu og 20% á uppstokkaða línu í landi.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til að almennur byggðakvóti verði veiddur af dagróðrabátum undir 15 brt.
- Smábátafélagið Reykjanes leggur til algjört bann við notkun flotvörpu við loðnuveiðar.
- Smábátafélagið Reykjanes hafnar hugmyndum um veiðar á krókaflamarki með netum.
- Smábátafélagið Reykjanes hafnar alfarið aukningu togveiða á stærri skipum nær landi vegna notkunar grænnar orku.
- Smábátafélagið Reykjanes er hlyntur áframhaldandi hvalveiðum.

## Smábátafélagið Strandir

- Aðalfundur Stranda krefst þess að árlega verði tryggðir 48 dagar til strandveiða.
- Dagróðrabátum minni en 30 tonnum og styttri 15 metra verði tryggð línuívilnun. Ívilnun verði 30% þar sem beitt er í landi, 20% við uppstokkun.
- Grásleppuveiðar verði með óbreyttum hætti og dagafjöldi taki mið af leyfilegum heildarafla og markaðsaðstæðum.

## Klettur

- Smábátafélagið Klettur krefst þess að ef ekki fást nægar aflaheimildir til strandveiða í 48 sóknardaga, að aflaheimildum verði skipt í 4 potta tafarlaust. Ástæðan er augljós, ekki fæst vænn fiskur á norður og austur svæði framan af veiðitímanum. Ennfremur vantar fisk á markað seinni hluta sumars.
- Smábátafélagið Klettur vill að LS beiti sér fyrir því að eignarhaldsákvæði um strandveiðibáta verði betur fylgt eftir.
- Smábátafélagið Klettur vill að LS beiti sér fyrir breytingum á reglum um umframafla á strandveiðum, með það að markmiði að eyða hvata til umframafla úr kerfinu.
- Smábátafélagið Klettur vill að sjálfskoðun báta verði að einhverju leyti leyfð. Með því minnki árlegur kostnaður útgerða sem og að lengja líftíma björgunarbáta.

- Smábátafélagið Klettur vill að afladagbók verði aflögð enda er afli báts sjáanlegur á vef fiskistofu stuttu eftir löndun.

## Báran

- Að strandveiðar verði heimilar í 48 daga og veiðiheimildar tryggðar til þess.
- Að strandveiðar verði leyfilegar frá 1 mars til 31 október.
- Strandveiðar. Allt landið verði eitt svæði.
- Að griðarsvæði fiska á grunnslóð verði bætt með því að banna allar togveiðar fyrir innan 12 mílur.
- Að aflaregla verði hækkuð úr 20% í 25%.
- Ufsi veiddur á handfæri teljist ekki til kvóta og hægt verði að leigja þorsk á sanngjörnu verði sem meðafla.
- Að það verði ríkt eftirlit með eignarhaldi á bátum.
- Eigendum strandveiðibáta megi ráða afleysningarmann á strandveiðibát í allt 10 daga.

## Sæljón

### Strandveiðar

Einn pottur eitt svæði - 48 dagar

- Strandveiðar séu heimilar frá 1. apríl til 30. september ár hvert.
- Úthlutanir á aflaheimildum í byggðakvóta verði ráðstafað inn í strandveiðar.
- Skipulag veiða í einu svæði og einn pottur aflaheimilda.
- Hverjum bát er heimilt að róa 48 daga
- Hámarks afli á dag verður óbreyttur.

### Handfæraveiðar

- Handfæraávilnun verði 30%.

### Hrygningarstopp

- Sæljón leggur til að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.

## Grásleppuveiðar

- Unnið verði að stofnun leigupotts með stjórnvöldum til betra aðgengis við grásleppuveiðar vegna meðafla.
- Sæljón mótmælir harðlega enn og aftur þeirri ákvörðun að loka svæðum að fengsælum miðum við grásleppuveiðar í Faxaflóa vegna æðarvarps.
- Sæljón leggur að heimilt verði að taka upp net í brælutíð án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur.
- Veiðistofn grásleppu miðist ávallt við útgefna ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar hverju sinni. Langsótt mat á markaðsaðstæðum verði ekki notað.

## Gildruveiðar

- Mótmælt er harðlega reglugerðabreytingu um fjölda gildra í 2000 pr. bát.
- Að allur humar verður veiddur í gildrur á bátum undir 30 tonnum og 15 metrum

## Hvalveiðar

- Sæljón styður áframhaldandi hvalveiðar

## Afla- og krókaaflamark

- Sæljón hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaaflamarks

## Umhverfisáhrif veiðarfæra

- Sæljón hvetur umhverfisráðherra, að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra á sjávarbotn, lífríki sjávar og loftslagsins – kolefnisjöfnun þess.

## Hrollaugur

- Hrollaugur leggur til að strandveiðar verði heimilaðar í 48 daga í 4 mánuði frá maí til og með ágúst.
- Hrollaugur leggur til að öllum byggðarkvóta verði ráðstafað til strandveiða.
- Hrollaugur leggur til að lagt verður niður 20% VS aflagjald á ufsa
- Hrollaugur leggur til að bætt verði eftirlit við eignarhaldsákvæði verði betur fylgt eftir og leggur til veiðileyfis sviptingu á strandveiðileyfi tafarlaust ef óviðkomandi menn eru að róa á bátum sem þeir eiga ekki
- Hrollaugur fordæmir vinnubrögð auðlindarinnar okkar sem voru kunngjörð á dögnum.

